

heildarafla megi vera á því tímabili. Fari hlutur þorsks yfir leyfileg mörk samkvæmt þessari grein, varðar það upptöku samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

8. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 537/1975, um Raunvísindastofnun Háskólans.**

1. gr.

3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Rannsóknastofur.

Stofnunin skiptist í sex rannsóknastofur:

1. Eðlisfræðistofu.
2. Efnafræðistofu.
3. Jarðeðlisfræðistofu.
4. Jarðfræðistofu.
5. Reiknifræðistofu.
6. Stærðfræðistofu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1981.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.